

EFTIRLITSSKÝRSLA

Silungur eldisstöð ehf Laxalóni



Dags eftirlits	25.10.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Silungur eldisstöð ehf	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Pósthólf 44	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	560316-0620	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Wolfgang Pomorin	ÍSAT nr.	0321
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt nýtt frávik kom fram í eftirlitinu, en skráningum sem átti að skila fyrir 1. maí sl. hefur ekki verið skilað. Engar ábendingar voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. greinar reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn vegna reglubundins eftirlits í fiskeldisstöð Silungs – eldisstöðvar ehf.

Silungur – eldisstöð er með starfsleyfi sem var gefið út af Umhverfisstofnun 1. júlí 2021 og gildir til 1. júlí 2037. Þetta er fyrsta eftirlit eftir útgáfu þess en eldra starfsleyfi var gefið út af Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur árið 2016. Starfsleyfið tekur til eldis með 15 tonna hámarkslífmassa á hverjum tíma og að hámarki 15 tonna ársframleiðslu á regnbogasilungi að Laxalóni 4.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta
- Önnur mál
- Skoðunarferð

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti

Farið var yfir hvaða upplýsingar og gögn þarf, skv. gr. 4.4 í starfsleyfi, að senda Umhverfisstofnun árlega fyrir 1. maí. Skila átti gögnum fyrir 1. maí sl. fyrir tímabilið frá því að starfsleyfið var gefið út, þann 1. júlí 2021 og fram að áramótum. Engum upplýsingum eða gögnum hefur verið skilað og lágu skráningar ekki heldur fyrir þegar eftirlitið fór fram, nema að mjög litlu leyti.

Starfsemi í stöðinni var í lágmarki þegar eftirlitið fór fram og var áætlaður lífmassi í stöðinni um 300 kg.

- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða. Umhverfisstofnun mun nota niðurstöður áhættumatsins sem grunn við gerð eftirlitsáætlunar ársins 2023.

- Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta

Kynnt var ný heimild Umhverfisstofnunar til álagningar stjórnvaldssekta skv. 67. gr. laga nr. 7/1998.

- Önnur mál

Starfsmenn hafa fjarlægð gróður umhverfis lóð stöðvarinnar til að auðveldara sé að tína það rusl sem fýkur þangað úr nágrenninu.

Rekstraraðili sér sjálfur um að koma úrgangi sem á að fara í urðun, frá stöðinni.

- Skoðunarferð

Gengið var um húsnaði og lóð eldisstöðvarinnar. Klak fer fram innandyra en annað eldi fer fram utandyra, ýmist í kerjum eða náttúrulegum tjörnum. Vel hefur verið gengið frá öllum tjörnum og kerjum m.t.t. slysasleppinga, en vinna er í gangi við að koma fyrir neti í hliðum tjarnar á svæðinu til að lágmarka enn frekar hættu á að fiskar sleppi úr henni og afræningjar komist í hana.

Lóðin var snyrtileg og eru engar athugasemdir gerðar.

gr. 4.4 í starfsleyfi

Rekstraraðila ber að senda ársyfirlit til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert.


ÁBENDINGAR

Engar ábendingar voru gerðar.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 28.11.2022



Freyr Evarsson

